

275. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 14. júlí 2016 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 10:00.

**Mættir:**

Kristjana Hermannsdóttir  
Björn H Hilmarsson  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
~~Lilja Ólafardóttir, bæjarráðgjafi~~

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**


- 1) **Bréf frá Ferðamálastofu, dags. 23. júní 2016, varðandi ósk um samstarf vegna mats og kortlagningar viðkomustaða ferðafólks.**  
Samþykkt að fela bæjarráðgjafa og bærarstjóra að vinna málið í samstarfi við Ferðamálastofu.
- 2) **Fundargerð 841. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. júní 2016.**  
Lögð fram til kynningar.
- 3) **Umsókn frá Páli Ingólfssyni, vegna skólavistar fjarri heimili.**  
Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar bæjarráðs.
- 4) **Bréf frá Vox lögmannsstofu, dags. 24. júní 2016, varðandi útgáfu byggingarleyfis.**  
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Bréf frá G. Hansen ehf. og EG flís og múr, dags. 11. júlí 2016, varðandi lagfæringu á vegkafla við Dalbraut 2 í Ólafsvík.**  
Bæjarráð mun skoða málið við gerð næstu fjárhagsáætlunar.
- 6) **Tölvupóstur frá Dögg Mósesdóttur, dags. 11. júlí 2016, varðandi styrkumsókn til að halda kvikmyndandahátíðina Northern Wave í Frystiklefanum í Rífi helgina 21- 23 október 2016.**  
Bæjarráð samþykkti að veita styrk að fjárhæð kr. 650.000,-.
- 7) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 28. júní 2016, varðandi ósk um umsögn bærarstjórnar um umsókn Hótel Búða ehf, um endurnýjun rekstrarleyfis til reksturs gististaðar í flokki V, hótél og veitingastaðir í flokki III, veitingahús, sem rekin er sem Hótel Búðir.**  
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Hótel Búða um rrekstrarleyfi til reksturs til rekstar gististaðar í flokki V, hótél og veitingastaðir í flokki III, veitingahús sem rekin er sem Hótel Búðir að því tilskyldu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jákvæða umsögn.
- 8) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 1. júlí 2016, varðandi ósk um umsögn bærarstjórnar um umsókn Sölvahamars slf., um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, sumarhús sem reka á á Sölvaslóð 1, Arnarstapa, Snæfellsbæ.**  
Bæjarráð veitir ekki umsögn um umsókn Sölvahamars slf., þar sem byggingarleyfi er ekki til staðar fyrir Sölvaslóð 1.
- 9) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 6. júlí 2016, varðandi ósk um umsögn bærarstjórnar um umsókn Gunnars Tryggvasonar um breytingar á rekstrarleyfi/viðbót við fyrri umsókn sína um endurnýjun rekstrarleyfis í flokki I, heimagisting og flokki III, gistiheimili, viðbótin sem sótt er um er viðbótarhúsnæði í nýju frístundahúsi, sem nota á til sölu í flokki II, sumarhús fyrir 10 gesti.**  
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Gunnars Tryggvasonar um rekstrarleyfi til rekstrar/viðbótar við fyrri umsókn í flokki I og flokki III, gistiheimili, viðbótin sem sótt er um er viðbótarhúsnæði í nýju frístundahúsi sem nota á til sölu í flokki II, sumarhús fyrir 10 gesti, að því tilskyldu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jákvæða umsögn.


- 10) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 8. júlí 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Ingunnar S. Bragadóttur, um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, íbúðir sem reka á að Brekkustíg 7, Hellnum Snæfellsbæ.  
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Ingunnar S. Bragadóttur, um rekstur gististaðar í flokki II, íbúðir sem reka á að Brekkustíg 7, Hellnum, að því tilskyldu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jákvæða umsögn.
- 11) Bréf frá bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar, dags. 6. júlí 2016, varðandi viðræður um sameiningu sveitarfélaga á Snæfellsnesi.  
Bæjarráð þakkar bréfið en ítrekum þá afstöðu Snæfellsbæjar að þiggja ekki að svo stöddu að fara í viðræður um sameiningu sveitarfélaga á Snæfellsnesi.
- 12) Mínnispunktur bæjarstjóra.  
a) Bæjarhátíðin um síðustu helgi tókst vel.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45

  
Kristjana Hermannsdóttir

  
Björn H Hilmarsson

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri